

Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023	
Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.	
Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.	
Sveitarfélag:	Dalvíkurbyggð
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Tillaga sveitarfélagsins að sérreglum byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023 varðar byggðalögin Árskógssand, Dalvík og Hauganes
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Tekið fyrir á 1052.fundi byggðaráðs Dalvíkurbyggðar þann 15.desember 2022. Staðfest á 353.fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 20.desember 2022.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Í stað 1.másl. 1.mgr. 4.gr. reglugerðarinnar koma þrjú nýir málsliðir svohljóðandi: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum og ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3.gr., eftir því sem við á þannig að 30% úthlutaðs byggðakvóta byggðarlags skal skipt jafnt á alla þá báta úr viðkomandi byggðarlagi sem sækja um byggðakvóta og uppfylla að öðru leyti ákvæði 1.gr.. Óski einhver eftir tilteknu magni kvóta, sem er minna en hann á rétt á samkvæmt ákvæði þessu, þá skiptast eftirstöðvar þess hluta byggðakvótans jafnt á milli hinna umsækjendanna. Skipta skal 70% byggðakvóta byggðarlagsins hlutfallslega miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1.september 2021 til 31.ágúst 2022. Ekkert skip fær þó meira en 35% af þeim 70% sem skipt er samkvæmt lönduðum afla.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Rökin fyrir þessari breytingu eru einkum þau að landaður afli fiskiskipa, sem skráð eru innan Dalvíkurbyggðar, er mjög mismunandi. Það þykir rétt að reyna að tryggja það að allir þeir sem sækja um byggðakvóta fái eitthvað í sinn hlut þó niðurstaðan verði sú að þau skip sem hafa landað mestum afla fái hærri úthlutun á grundvelli þess.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Ákvæði 1.másl. 1.mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist fremst kemur inn nýr másl. þ.a. 1.mgr. 6.gr. verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023. Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1.september 2022 til 31.ágúst 2023. Í lok 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar bætist við nýr másl. svohljóðandi: Þó er vinnsluáðila heimil jöfn skipti, miðað við þorskígildisstuðul, á tegundum við annan vinnsluáðila, og komi þá slík fyrirætlan fram í þeim samningi sem eigandi fiskiskips gerir við fiskkaupanda, og skal sveitarstjórn árita samninginn til staðfestingar.

**Rökstuðningur
varðandi breytingu á
löndunarskyldu eða
vinnluskyldu (ákvæði
6. gr.)**

Sveitarstjórn samþykkti að bæta inn málslið til þess að hnykkja sérstaklega á því að löndunarskylda sé á afla sem teljast á til byggðakvóta.

Þá er óskað eftir sömu breytingu og í fyrra það er að taka út „hlutaðeigandi byggðarlag“ og setja sveitarfélag inn. Þessi ósk um breytingu er sama efnis og undanfarin ár, þ.e. að í stað þess að fiskiskipum í Dalvíkurbyggð sé skylt að landa afla til vinnslu í því byggðarlagi sem þau eru skráð, þá sé þeim skylt að landa þessum afla til vinnslu í sveitarfélaginu. Þetta er vegna þess að ekki er fiskvinnsla í öllum byggðarlögum sveitarfélagsins þó þau fái úthlutað byggðakvóta. Þessi breyting er til þess að byggðakvótinn nýtist sem best til að efla atvinnu í sveitarfélaginu.

Viðbót við 1.mgr. 6.gr.: Fiskvinnslum hefur fækkað í sveitarfélaginu á síðustu árum og því í raun engin vinnsla sem getur unnið t.d. netafisk. Eftir standa sérhæfð vinnsla Marúlfis sem nær eingöngu vinnur steinbít og grásleppu og svo vinnsla Samherja sem er bundin stærðartakmörkunum og tegundatakmörkunum. Einnig smávinnsla á Hauganesi sem hefur takmarkaða vinnslu. Því eru mikil tormerki á að vinnsla geti í öllum tilfellum tekið við blönduðum byggðakvótaafli án þess að eiga þess kost að skipta á tegundum við annan vinnsluaðila. Ekki hvað síst á þetta við um litlar vinnslur sem hafa sérhæft sig. Jöfn skipti hljóta því að stuðla að því að auðveldara verði að halda úti vinnslu í byggðarlaginu í stað þess að útgerðir þurfi að horfa til þess að selja aflann á fiskmarkaði sem væri þá eina leiðin til að losna við aflann ef jöfn skipti verða ekki leyfð.

Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið mar@mar.is.